

Leiðréttingar:

Leiðrétt 17. febrúar 2025:

HTML-texti og PDF-skjal: Í stað „Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:“ í 4. gr. komi:
Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

64/2025

Nr. 64/2025

10. janúar 2025

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

33. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, á grundvelli erindisbréfs skv. 10. tölul. 5. gr. samþykktar þessarar, án staðfestingar bæjarstjórnar, ef:

- lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- þau varða ekki verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans,
- þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg. Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samþykkt samhljóða í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótakvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls, biður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

2. gr.

36. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn ákveðið með sérstökum viðauka við samþykkt þessa, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála ef:

- Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- Ákvörðun gengur ekki gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.
- Ákvarðanir víkja ekki frá stefnu sveitarfélagsins í veigamiklum málum.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1.-3. tl. 1. mgr. er bæjarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar fullnaðarafgreiðslu mála. Bæjarstjórn, bæjarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Ef fastanefnd er falið vald samkvæmt þessari málsgrein skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu.

Þegar um er að ræða fullnaðarafgreiðslu skal koma fram í afgreiðslu málsins að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

Sá aðili sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu, eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd eða ráð er að ræða, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn eða bæjarráð taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. mgr. til bæjarstjórnar.

3. gr.

52. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn er heimilt að fela embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 36. gr. samþykktar þessarar. Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstaka viðauka með samþykktinni um fullnaðarafgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til afgreiðslu til bæjarstjórnar og fer um endurupptöku skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

a. 2. tl. A-liðar fellur brott.

b. Töluliðir B-liðar breytast og orðast svo:

1. *Velferðarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Fræðslu- og frístundanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Skipulagsnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Eigna- og veitunefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Umhverfisnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Yfirkjörstjórn*. Þrír fulltrúar og þrír til vara, samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru fálín samkvæmt kosningalögum. Enn fremur kýs bæjarstjórn:
 - a. Undirkjörstjórn 1 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - b. Undirkjörstjórn 2 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - c. Undirkjörstjórn 3 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - d. Undirkjörstjórn 4 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - e. Undirkjörstjórn 5 (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - f. Undirkjörstjórn 6 (Stokkseyri og pósthúmer 801 utan Tjarnarbyggðar). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
 - g. Undirkjörstjórn 7 (Eyrarbakki og Tjarnarbyggð). Þrír fulltrúar og þrír til vara.

5. gr.

Með vísan til 36. gr. samþykktarinnar bætast eftirtaldir viðaukar við samþykktina, sem birtir eru með samþykkt þessari:

- Viðauki 1.2. Skipulagsnefnd.
- Viðauki 1.3. Fræðslu- og frístundanefnd.
- Viðauki 1.4. Velferðarnefnd.
- Viðauki 1.5. Bæjarritari.
- Viðauki 1.6. Sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs.
- Viðauki 1.7. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
- Viðauki 1.8. Byggingarfulltrúi.
- Viðauki 1.9. Skipulagsfulltrúi.
- Viðauki 1.10. Fjármálastjóri.
- Viðauki 1.11. Mannauðsstjóri.
- Viðauki 1.12. Persónuverndarfulltrúi.
- Viðauki 1.13. Skólaþjónusta.
- Viðauki 1.14. Velferðarþjónusta.
- Viðauki 1.15. Bygðasamlagið Bergrisinn.

6. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 10. janúar 2025.

F. h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra,

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKAR
(sjá PDF-skjal)

B deild - Útgáfud.: 24. janúar 2025